

## Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2018, fimmtudaginn 12. apríl, var haldinn 164. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 11.35. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Marta Guðjónsdóttir, Örn Þórðarson, og Raket Dögg Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, sem jafnframt ritaði fundargerðina.

### Þetta gerðist

1. Lagðar fram innsendar umsóknir í verkefnið Hverfið mitt.

Guðbjörg Lára Másdóttir, Unnur Margrét Arnardóttir og Bragi Bergsson taka sæti á fundinum undir þessum lið

- Kl. 11.45 tekur Eldar Ástþórsson sæti á fundinum.
- Kl. 12.20 vísar Örn Þórðarson af fundinum.

2. Lögð fram umsókn sem barst frá fulltrúum verkefnissins Fróðir foreldrar í Forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar málsnúmer: P-2018-04-02-0032  
Samþykkt að veita Fróðum foreldrum styrk að upphæð 282.500 kr.

3. Lögð fram að nýju ályktun um umferðahraða í Gamla Vesturbæ, sbr. 5. lið fundargerðar hverfisráðs Vesturbæjar frá 8. mars 2018.  
Samþykkt.

4. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Boðað var til sameiginlegs fundar allra hverfisráða með stjórnkerfis- og lýðræðisráði 12. mars sl. þar sem ræða átti hugmyndir um breytingar á skipan í hverfisráðum. Á fundinum voru boðaðir einn fulltrúi frá meirihluta og einn frá minnihluta. Athygli vakti að hvorki formaður hverfisráðs Vesturbæjar, Sverrir Bollason, mætti né aðrir fulltrúar meirihlutans. Það sýnir metnaðarleysi og áhugaleysi meirihlutans á málefnum hverfisráða.

5. Lögð fram að nýju fyrirspurn fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sbr. 5. lið fundargerðar hverfisráðs Vesturbæjar frá 8. feb. sl.

Formaður hverfisráðsins leggur fram svohljóðandi bókun:

Formaður hverfisráðs Vesturbæjar harmar þann drátt sem orðið hefur á að svör berist við fyrirspurnum hverfisráðsfulltrúans Mörtu Guðjónsdóttur frá fundinum 8. febrúar s.l. Vonandi berast svör frá Ráðhúsinu fyrir næsta fund ráðsins. Meðal annars er spurt: "Hversu margir formenn hverfisráða í Reykjavík búa í því hverfi sem þeir gegna formennsku fyrir?" Til að svara að einhverju leyti fróðleiksfýsninni hefur formaður grúskað í málinu og komist að því að á kjörtímabilinu 2006-2010 starfaði fyrirspyrjandinn sjálfur, Marta Guðjónsdóttir, sem formaður hverfisráðs Kjalarness en var þá búsett í Skerjafirði. Fleiri dæmi hafa ekki fundist en rannsóknin afmarkaðist við fyrri kjörtímabil.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Þegar hverfisráðin fóru af stað þá var gerð sú krafa að formenn hverfisráða væru kjörnir fulltrúar, þar sem enginn slíkur var til staðar á Kjalarnesi var undirrituð fengin til að gegna embættinu. Það er rangt að undirrituð hafi verið sú eina sem þetta átti við því Þorleifur Gunnlaugsson frá Vinstri grænum gegndi embætti formanns Árbæjar á sama tíma. Það er skoðun mín og míns flokks að þeir sem gegna formennsku í hverfisráði búi í hverfinu.

### Fundi slitið kl. 13.05

Sverrir Bollason

Teitur Atlason

Marta Guðjónsdóttir

Eldar Ástþórsson